

Fundiðsunngálopi voru Kristín Jónsdóttir, Jóhanna  
Guthma, Helga Guðrún og Kristín Árnadóttir

Ráðstefna Kvennalistans í Valsskólanum, dagana 25.-27.mai.

1984

Föstudagskvöld:

Kl. 19.30 Ráðstefnan sett. Síðan segir Guðrún Agnarsdóttir okkur frá ferð sinni til Gautaborgar og Málmfriður Sigurðardóttir les fyrir okkur sögu. Á eftir verða frjálsar umræður. Undir miðnætti verður framreidd flatbaka.

Laugardagur:

Kl. 9-10.00 Morgunverður og leikfimi fyrir þær duglegu.  
" 10-12.30 Hópumræður, sem Kristín Jónsdóttir kynnir. Rætt verður starfið í vetur og hvað við eigung að leggja áherslu á í nánustu framtíð hvað varðar:  
1) Innra starf 2) Ytra starf. (Sjá annars staðar).  
" 12.30 Hádegismatur.  
" 13-14.00 Hópniðurstöður kynntar.  
" 14-14.30 Útivistarhlé.  
" 14.30-17.30 Hópumræða um þingstarfið í vetur og þá pólitík sem við viljum reka þar.  
" 17.30 Niðurstöður hópa.  
" 19.30 Kvöldmatur.  
" 21.00 Rútuferðalag Kvennalistans í júní verður kynnt. Í framhaldi af því verður umræða m.a. um stefnu Kvennalistans í dreifbýlismálum (hús-hitunarmálum,

Sunnudagur:

Kl. 10.00-10.30 Morgunverður.

" 10.30-13.00 Konur skipta sér í hópa og ræða frumvörp  
og þingsályktunartillögur sem við viljum  
leggja fram í haust.

" 18.00 - Heimferð. Þær konur sem vilja vera lengur  
gefi sig fram.

Innra starf.

1. Hvernig hefur okkur tekist til í vetur, höfum við orðið til gagns?
2. Hvert er markmiðið með svona Kvennahreyfingu? Styðja hver aðra? Sýna systrakærleika? Byggja hver aðra upp? Skortir þarna eitthvað á?
3. Erum við grásrótarhreyfing eins og við skilgreindum okkur í upphafi eða höfum við þróast í þá átt að verða eins og dæmigerður stjórnmálauflokkur t.d. hvað varðar ákvarðantöku, ábyrgð, vinnuaðferðir, andlit út á við?
4. Drepum við niður frumkvæðið eða leyfum við öllum hugmyndum að blómstra?
5. Er valddreifing innan hreyfingaráinnar nægileg? Geta allir sem vilja haft ákvarðantöku? Er virkni félagsmanna nægileg?
6. Hvers vegna eru þingráðsfundir orðnir svona fámennir? Eru þeir orðnir ónauðsynlegir. Hvert er hlutverk þeirra?
7. Erum við ánægðar með form félagsfunda? Ef ekki hvernig viljum við þá hafa þá? Formlega - skemmtilega - óformlega - konur séu virkari - opnari?
8. Hvað viljum við bæta í innra starfi hreyfingaráinnar og þá hvernig? Er upplýsingastreymi nóg ef ekki hvernig má þá ráð bót á því? Hvar hefur okkur tekist vel?
9. Fréttabréfið. Fá það nægilega margir? Má auka dreifinguna með því að senda það t.d. kvenfélögum, bókasöfnum, biðstofun

Ytra starf í vetur og nánustu framtíð.

1. Hefur okkur tekist nægilega vel að vekja athygli og umræðu um málstað okkar - ef ekki hvað er þá til ráða?
2. Greinaskrif - Hvers vegna koma svona fáar greinar frá öðrum en þingkonunum?
3. Vinnustaðafundir. Hefðum við þurft að fara á slika fundi í vetur - hvað með næsta vetur?
4. Bæklingurinn: Hvernig lýst okkur á hann?
5. Eigum við að gera eitthvað 19. júní?
6. Ráðstefnur: Eru einhver mál sem við viljum halda ráðstefnu í og þá hvernig ráðstefnu?
7. Landsfundur. Nú er landsfundur í haust - voru einhverjir veikir punktar á síðasta landsfund, sem við viljum ráða bót á nú?
8. Eru kosningar í nánd? Hvað gerum við þá?
9. Hvernig getum við náð til fleiri kvenna: Er það með opnu húsi, námskeiðum í t.d. kvennapólitík ö kvennasögu.
10. Aktionir - Hvað skal gera?
11. Blaðaútgáfa - Hvar stöndum við?  
Hvað viljum við?

PINGSTARFIÐ.

1. Yfirlit yfir veturinn. - Málefnaleg afstaða.
2. Höfum við verið of hefðbundnar í starfsaðferðum á þingi. -  
*þróunar*.  
Viljum við vera meira " produkerandi" - skapa okkur meiri sérstöðu? Hvernig þá?
3. Eigum við að skipta út í nefndum á vegum þingsins s.s. áfengismálanefndinni, útværpsráði, húsnæðismálastjórn. Hvað með nefndir innan þingsins, þingfloksformennsku og skiptingu þingkvenna milli deilda.
4. Viljum við að það verði meiri skipting út á við á þinginu - ef svo er hvernig þá?
5. Þingráðsfundir : Hvernig eiga þeir að tengjast þingstarfinu. Hvers vegna eru þeir orðnir svona fámennir ( ath. hópumræðuna áður) Hvert er hlutverk þeirra - eru þeir ónauðsynlegir?
6. Eru þingkonurnar of einangraðar? Hvernig er hægt að styðja við bakið á þeim?  
*mánið. og miðvikið. kl. 4-6*
7. Þingfloksfundir: Fyrir hverja og hvert er hlutverk þeirra?
8. Hvernig viljum við skilgreina hugtakið varaþingmaður?
9. Varaþingmenn í dreifbýli - Hvernig er hægt að auka tengsl við þá?
10. Frumvarpavakt - hvað er það?
11. Pingsályktunartillögur.
12. Frumvarpasmiðja - hvað er það?
13. Hvaða málaflokka á að ræða á morgun:
  1. Útværpslagafrumvarpið.
  2. *T*ryggingamálin.
  3. *L*ifeyrissjóðsmál. *50% 100% starf.*
  4. *L*andsbyggðastefna, t.d. jöfnun hitakostnað.